

Sumareftirlitsmenn Matvælastofnunar hafa nú lokið störfum. Þetta sumarið voru þeir tveir og störfuðu á höfnum á Norðurlandi, Suðurvestrlandi og Vesturlandi. Verkefni þeirra var að mæla hitastig landsaðs afla, kanna aflameðferð og löndunaraðstæður.

Aflameðferð


Eftirlitsmenn mældu hitastig afla um 500 báta og voru mælingarnar tæplega 1900. Rúm 90% mælinganna voru gerðar á afla handfærabáta og var 70% aflans þorskur, 20% ufsi og 10% aðrar tegundir.

Þegar á heildina er lítið var meðferð afla nokkuð góð. Um borð var aflinn yfirleitt geymdur í lest eða í lokuðu kari á dekki, aðeins í 10% tilfella var afli óvarinn á dekki. Vel var staðið að þrifum og umgengni góð í 90% skoðaðra báta.

Hitastig afla við löndun

Skv. reglugerð nr. 528/2012 skal hitastig afla vera undir 4°C fjórum klukkustundum eftir að aflinn er tekinn um borð. Meðalhitastig afla við löndun í júní og júlí var 2,8°C og 76% mælinga sýndi hitastig undir 4°C. Þetta er mikil breyting frá fyrra ári en þá var meðalhitastig afla 3,6°C og 65% voru innan við 4°C. Stólparit sem sýnir dreifingu á mældu hitastigi afla við löndun gefur glögga mynd af þessari jákvæðu þróun (Mynd 1). Stólparnir á Mynd 1 sýna hlutfall mælinga innan hvers hitastigsbils. Bláir stólpar sína mælingar 2013 en grænir sýna mælingar árið 2012. Rauð lína markar skilin við 4°C, en afli skal vera undir 4°C við löndun.

Mynd 1. Dreifing hitstigs landsaðs afla sumarið 2012 og 2013.



*Svigi táknað neikvæð gildi.

Meðalhiti afla lækkaði frá júní til júlí. Í júní var meðalhitastigið 3,2°C en í júlí 2,7°C. Þannig tókst betur til með kælinguna í júlí þrátt fyrir hækkandi sjávarhita.

Afla sem landað var í Stykkishólmi hafði gengið illa að kæla, meðalhitinn var 4°C og aðeins rétt rúmur helmingur var undir 4°C. Hins vegar var meðalhiti lægstur á afla lönduðum á Sauðárkróki 1,9°C. Skiptin milli íss og krpa sem kælimiðils var nokkuð jöfn en mjög breytileg eftir landshlutum. Þannig höfðu þeir sem lönduðu á Siglufirði flestir kælt með krpa, eða 86% en aðeins 24% þeirra sem lönduðu í Ólafsvík.

Enn sjást merki um það viðhorf að ekki sé þörf á kælingu afla. Hlutfall þeirra sem lönduðu ókældum fiski fór hæst í 6% og var það á Rífi. Þá kom það fyrir að svokallaður meðafli var ekki kældur. Rétt er að nefna að strandveiðibátar eru óbundnir af löndunarhöfn innan svæðis, þ.e. geta landað á hvaða höfn sem er innan strandveiðisvæðis.

Löndunaraðstæður

Að þessu sinni voru 20 hafnir skoðaðar og fengu flestar þeirra nokkuð góða einkunn. Yfirleitt var umgengni um löndunarsvæðið góð, löndunarbúnaður hreinn og vatn til þrifa aðgengilegt. Umsögn eins og „allt til fyrirmyndar“ og „mjög snyrtileg höfn“ fengu t.d. hafnirnar á eftirtöldum stöðum: Arnarstapa, Grundarfirði, Dalvík og Skagaströnd. Hins vegar var nokkuð um að fugl kæmist í aflann og þar voru hafnirnar í Ólafsvík, Sandgerði, Siglufirði, Stykkishólmi og á Skagaströnd nefndar.

Löndunarkör


Eins og áður hefur komið fram er mikið um óhrein löndunarkör á höfnum landsins. Í sumar gerðu eftirlitsmenn lauslega könnun á ástandi löndunarkara og annarra íláta sem notuð eru undir fisk. Algengast var að löndunarkör á höfnum, sem merkt eru Umbúðamiðlun, væru óhrein og þau ekki þrifu fyrir notkun.

Mynd 2. Óhreinir kassar sem ætlaðir eru undir matvæli



Á þessu voru þó undantekningar eins og sjá má á hreinu löndunarkari á Akranesi (Mynd 3).

Mynd 3. Hreint kar á Akranesbryggju.



Á Árskógssandi fundust einnig hrein kör. Þar eru körin þrifu fyrir notkun og þegar eftirlitsmaður var þar á ferð reyndust öll kör á bryggjunni vera hrein og heil.

Rétt er að minna á að aðeins voru skoðaðar 20 hafnir af þeim u.þ.b. 60, sem við landið eru.

Myndir 4-7. Löndun á Skagaströnd 1. júlí 2013. Þorskur 2,2°C.

